

## Jafnlaunastefna

Tilgangur og markmið stefnunnar er að stuðla að jafnrétti kynjanna í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Skal ómálefnalegur launamunur ekki fyrirfinnast í launakerfi stofnunarinnar. Samkvæmt 19. gr. laganna skulu einstaklingar fá greitt fyrir störf sín út frá verðmæti starfa óháð kyni. Samgöngustofa tekur mið af kröfum til starfa og greiðir laun eftir umfangi og eðli þeirra. Launaákvæðanir eru í samræmi við kjara- og stofnanasamninga og launakerfi stofnunarinnar, stutt málefnalegum rökum sem tryggir að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Jafnlaunastefna þessi nær til alls starfsfólks stofnunarinnar og er órjúfanlegur hluti af launastefnu.

Til þess að fylgja jafnlaunastefnunni eftir skuldbindur Samgöngustofa sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunastjórnunarkerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast vottun í samræmi við lög 56/2017 um jafnlaunavottun.
- Framkvæma árlega launagreiningu.
- Árlega skal setja jafnlaunamarkmið og rýna virkni jafnlaunastjórnunarkerfisins.
- Bregðast við frábrigðum með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Fylgja ávallt lögum, reglum, kjara- og stofnanasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega af forstjóra og framkvæmdastjórn að þeim sé hlítt.
- Kynna árlega niðurstöður launagreininga og jafnlaunastefnu fyrir jafnréttisnefnd sem og öllu starfsfólki stofnunarinnar.
- Hafa jafnlaunastefnu aðgengilega á ytri vef Samgöngustofu bæði fyrir starfsfólk og almenning.